

Nr. 18-052 S 033 Prasi VE 20**Reykur í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 6776
Smíðaður: Bátasm. Guðmundar, 1986, tefjaplast.
Útgerð: Bragi Steingrímsson
Stærð: 5,90 brl. 4,96 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Yanmar, 231,30 kW, 1996.
Fjöldi skipverja: 2



Prasi © Arinbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirtí Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 31. mars 2018 var Prasi Ve 20 á handfæraveiðum austan við Bjarnarey Vestmanneyjum. Veður: A 10 m/sek.

Á siglingu til lands kom upp í reykur í vélarúmi. Óskað var aðstoðar hjá Vaktstöð siglinga sem hafði samband við nærstadda báta. Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-GNÁ var send áleiðis á vettvang og einnig björgunarskip frá Vestmanneyjum. Við nánari skoðun skipverja kom í ljós að ekki var um eld að ræða heldur hafði vélin yfirhitnað. Báturinn Þorsteinn VE 18 dró Prasa VE til hafnar í Vestmanneyjum.

Við rannsókn kom fram:

- að orsökina fyrir yfirhitnun var leki á vatnskælikerfinu út í sjókælinguna;
- að þegar vélin yfirhitnaði bráðnaði plastslanga sem lá utan í pústgreininni og myndaði lykt og skipverjar ályktuðu að um að eld væri að ræða;
- að tveir skipverjar voru á bátnum en aðeins annar lögskráður.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin átelur að lögskráning var ekki í lagi.